# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 25

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

**LANDSSÍMASTJÓRINN.**

Brf. 26/6 '09

By. 12

Reykjavík 26. júní 1909.

Jeg leyfi mjer hjermeð að senda háttvirtri byggingarnefnd uppdrætti af húsi því, er jeg hefi í hyggju að reisa á lóð minni við Skálholtsstíg og Þingholtsstræti og vænti samþykkis nefndarinnar.

Jafnframt vil jeg fara fram á, að keypt verði nú þegar rdma framan af lóðinni meðfram Skálholtsstíg, sem ætlað mun vera til breikkunar götunni. Ræma þessi er 241 feralin að stærð og hef jeg sjálfur borgað kr. 1.59 fyrir hverja feralin að meðaltali.

Virðingarfyllst

O. Forberg.

Til byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 360/1909 By 12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

## af fundargjörð byggingarnefndarinnar 26. júní 1909

Ár 1909 laugardaginn 26. júnímánaðar átti byggingarnefndin fund með sjer og var fjallað um þau mál, er hjer greinir:

1. Hans pósti Hannessyni leyft að gera tvo skúra norðan við hús sitt, annan áfastan húsinu, hinn áfastan öðrum skúr, báða á lóðarmörkum, og á annar skúrinn að vera 5°×10° og hinn 5°×11°. Skúrarnir standa að lóðarmörkum við fyrirhugaðan Barónsstíg og mega vera án eldvarnaveggja gegn því skilyrði, að þeir skuli niður rifnir, þegar krafist verður.
2. Halldóri Jónssyni tómthúsm. leyft að reisa hús fyrir fjós og hey á lóð hans Litlabæ á Grímsstaðaholti. Húsið 9°×6° járnvarið.
3. Einari Sveinssyni og Helga Helgasyni trjesmiðum leyft að reisa bráðabirgða járnsmiðju 6°×6° á baklóð þeirra, Hverfisg. 6.
4. Bjarni Jónsson, kaupm. Laugaveg 30 a beiddi leyfis til að byggja íbúðarhús með tveimur skúrum á svonefndri Eyvindarkotslóð við Lindargötu; var því máli frestað sökum ónógra upplýsinga um lóðarmörk.
5. Birni Jónssyni skósmið leyft að gera einloptað portbyggt íbúðarhús á háum kjallara á lóðinni Hverfisg. 26, með eldvarnar-gafli í annan enda. Einnig er honum leyft að flytja glugga af austurgafli á suðurhlið á gamla húsinu. Hæð nýja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hússins er 12½° x 12° og skúr 3½° x 4¼°.

6. Þorberg tímstjóra leyft að reisa íbúðarhús 14.00 m x 6.25 m. = 22°7" x 16°8", með útskotum tveimur, annað er 6.25 m. x 1.5 m. = 9°23" x 2°9" og hitt 5.00 m. x 1.5 m. = 7°23" x 2°9". Húsið á að standa í krikanum milli Þingholtsstr. og Skálholtsstígs (sjá síðasta fund 3. atr.). Ennfremur lagt til, að bærinn kaupi rúmið til breikkunar Skálholtsstígs að sunnanverðu alls 241 ferálnir, er Þorberg býður til kaups fyrir kr. 1.59 feralin.

Frestað

7. Jóhanni Hjörleifssyni, er synjað hafði verið um leyfi til breytinga á húseign sinni við Bræðraborgarstíg 17, fer þess á leit, að bæjarstjórn kaupi eða kosti húsið burt eftir sanngjörnu mati. Byggingarnefnd sjer sjer ekki fært að mæla með þessari beiðni að svo stöddu.

8. Beiðni frá Reinari Leifssyni um lóð við Hafnarstræti að sjó undir fisksöluskúr og til fiskhagingar, er vísað hefir verið til byggingarn. frá bæjarstjórn, vísar byggingarn. til hafnarnefndar til meðferðar í sambandi við hið fyrirhugaða vörubyrgi.

Fleiri mál ekki rædd.

Á fund vantaði Kristján Þorgrímsson og Svein Jónsson.

Fundi slitið

Páll Einarsson

K. Zimsen    Rögnv. Ólafsson

Sig. Thoroddsen    Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
af fundargjörð byggingarnefndarinnar
26. júní 1909

Ár 1909 laugardaginn 26. júnímánaðar átti byggingarnefndin fund með sjer og var fjallað um þau mál, er hjer greinir:

1. Hannesi pósti Hannessyni leyft að gera tvo skúra norðan við hús sitt, annan áfastan húsinu, hinn áfastan öðrum skúr, báða á lóðarmörkum, og á annar skúrinn að vera 5°x10° og hinn 5°x11°. Skúrarnir standa að lóðarmörkum við fyrirhugaðan Barónsstíg og mega vera án eldvarnaveggja gegn því skilyrði, að þeir skuli niður rifnir, þegar krafist verður.
2. Halldóri Jónssyni tómthúsm. leyft að reisa hús fyrir fjós og hey á lóð hans Litlabæ á Grímsstaðaholti. Húsið 9°x6° járnvarið.
3. Einari Sveinssyni og Helga Helgasyni trjesmiðum leyft að reisa bráðabirgða járnsmiðju 6°x6° á baklóð þeirra, Hverfisg. 6.
4. Bjarni Jónsson, kaupm. Laugaveg 30 á beiðni leyfis til að byggja íbúðarhús með tveimur skúrum á svonefndri Eyvindarkotslóð við Lindargötu; var því máli frestað sökum ónógra upplýsinga um lóðarmörk.
5. Birni Jónssyni skósmið leyft að gera einlofta portbyggt íbúðarhús á háum kjallara á lóðinni Hverfisg. 26, með eldvarnargafli í annan enda. Einnig er honum leyft að flytja glugga af austurgafli á suðurhlið á gamla húsinu. Hæð nýja

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hússins er 12½° × 12° og skúr 3½° × 4¼°.

6. Forberg símastjóra leyft að reisa íbúðarhús 14.00 m. × 10.25 m. = 22°7" × 16°8", með útskotum tveimur, annað er 6.25 m. × 1.5 m. = 9°23" × 2°9" og hitt 5.00 m. × 1.5 m. = 7°23" × 2°9". Húsið á að standa í krikanum milli Þingholtsstr. og Skálholtsstígs (sjá síðasta fund 3. atr.). Ennfremur lagt til, að bærinn kaupi rænu til breikkunar Skálholtsstígs að sunnanverðu alls 241 feralin, er Forberg býður til kaups fyrir kr. 1.59 feralin.

7. Jóhanni Hjörleifssyni, er synjað hafði verið um leyfi til breytinga á húseign sinni við Bræðraborgarstíg 17, fer þess á leit, að bæjarstjórn kaupi eða kosti húsið burt eptir samgjörnu mati. Byggingarnefnd sjer sjer ekki fært að mæla með þessari beiðni að svo stöddu.

8. Beiðni frá Reinari Leifssyninum lóð við Hafnarstræti að sjó undir fisksöluskúr og til fiskhagingar, er vísað hefir verið til byggingarn. frá bæjarstjórn, vísar byggingarn. til hafnarnefndar til meðferðar í sambandi við hið fyrirhugaða vörubyrgi.

Fleiri mál ekki rædd.

Á fund vantaði Kristján Þorgrímsson og Svein Jónsson.

Fundi slitið
Páll Einarsson
Kr. Zimsen  Rögnv. Ólafsson
Sig. Thoroddsen  Jón Jensson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björn Jónsson

Rvík. – 24. júní 1909.

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð að biðja hina háttvirtu bygg-ingarnefnd Reykjarvíkurbæjar, að leyfa mjer að byggja hús, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum, á lóð minni á horninu á Hverfisgötu – Frakkastíg. Þó með þeirri breytingu frá uppdráttunum að mega setja vængjahurðir á forstofu og kjallarainngang.

Einnig vildi jeg mega flytja glugga af ~~suður~~gafli, á suðurhlið á gamla húsinu.

Með virðingu.

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur

B. Rvk. 366/1909 By. 12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að sækja til hinnar heiðruðu byggingarnefndar um, að hún leyfi mjer að byggja 2 skúra norðan til við hús mitt við fyrirhugaðan Barónsstíg, annar skúrinn verður 5 ál. breiður og 11 ál. á lengd, hinn 5 ál. breiður og 10 ál. langur.

Rvík 12. jan. 1909.
Hannes Hannesson

B. Rvk. 365/1909 By 12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heiðruð byggingarnefnd!

Við undirritaðir leyfum okkur að fara þess á leit, að fá leyfi yðar til að byggja járnsmiðju að stærð 6×6. meðal hæð 7 fet.) í baklóð okkar á Hverfisgötu 6. á næsta byggingarnefndar fundi

Reykjavík 24 Júní 1909

Virðingarfyllst

Einar Sveinsson

Helgi Helgason

B. Rvk. 364/1909 BT/12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bræðraborgarstíg 17/16 09

B. Rvk. $\frac{363}{1909}$ B$_{\text{V}}$ 12

Vegna þess að á fundi bæjarstjórnarinnar 5 þ. m. var mér synjað um leifi til að gjöra breytingar á húseign minni (við Bræðraborgarstíg 17) vegna hinnar fyrirhuguðu Öldugötu, sem eftir mælingu byggingarfulltrúa S. Th. tekur af allt húsið, þannig að suður-brún götunnar kemur undir miðja útbygginguna og það verður hvergi byggingarlóð eftir nema fyrir sunnan húsið, á horninu við hinar fyrirhuguðu götur Öldugötu og Unnarstíg.

Nú er ekki hægt að byggja á þessu horni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nema að rífa útbygginguna
og uppganginum í húsið þe
þás, og þar af leiðandi verð-
ur ófært til íbúðar, og þar
sem liggur fyrir að bæjarstjórnin
verði að kaupa eða kosta ~~hús~~
húsið í burtu fyr eða seinna
þá leyfi ég mér hérmeð að
bera fram á við hina
háttvirtu bæjarstjórn að hún
kaupi eða kosti húsið í
burtu eftir sanngirni nú
hið fyrsta.

Virðingarfyllst

Jóhann S. Hjörleifsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Bjarni Jónsson.~~

~~Kaupmadur.~~

~~Laugaveg 30. Telefon 101.~~

Reykjavík 18 Júní 1909.

Jeg undirskrifadur leifi mjer hjermed virdingarfilst ad bidja hina háttvirtu biggingarnefnd Reykjavíkurbæjar svo vel gjöra og mæla mjer út biggingarstadi á lód minni Litla bæ í Grímstadaholti fyrir Hey og fjós samkvæmt uppdrætti er jeg læt hjer med filgja og sem sínir hvar bærinn stendur og hvar jeg óska ad mega hafa heyhús og fjósid stærdin er 9 x 6 ál. vegghæd 4 ál. Ris 2½ ál. biggt af binding allt járnvarid á veggjum og þaki.

þetta leifi óska jeg ad fá hid allra firsta

med virdingu

Halldór jónsson

B. Rvk. 363/1909 B V 12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarni Jónsson.
KAUPMAÐUR.
Laugaveg 30. Telefon 101.

Reykjavík 23 Júni 1909.

Hjermeð leifi jeg mjer virðingarfilst að biðja hina háttvirtu Biggingarnefnd Reykjavíkur-Borgar svo vel gjöra og mæla mjer út Hússtæði á lóð minni svo kallaðri Eyvindarkots lóð við Lindargötu að stærð 10×10 ál. × skúr með flötu þaki 5×10 al og inngaungaskúr 3½×6 ál. og filgir uppdrátur með skíringum. svars óska jeg við firsta tækifæri
með Virðingu

Bjarni Jónsson kaupmaður Laugaveg 30A.

B. Rvk. 361/1909 Bý 12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur